

Reglugjörð

117
1. sept.

fyrir Vjelstjóraskólann í Reykjavík.

Samkvæmt 5. gr. í lögum nr. 37, 3. nóvember 1915, um stofnun Vjelstjóraskóla í Reykjavík, er hjermeð sett eftirfarandi reglugjörð fyrir Vjelstjóraskólann í Reykjavík.

I.

Um inntökuskilyrði, kenslu o. fl.

1. gr.

Markmið skólans er, að búa lærisveina undir hið íslenska vjelstjórapróf.

2. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í Vjelstjóraskólann eru:

- 1) Að lærisveinninn hafi óflekkað mannorð.
- 2) Að hann eftir fullra 14 ára aldur hafi stundað járnsmíði í smiðju eða vjelaverkstæði, er stjórnarráðið tekur gild, í minst 3 ár, þaraf ekki minna en 1 ár við smíðar á vjelahlutum. Þó má vanta af þessum námstíma allt að 5 mánuðum, sem lærisveinninn getur náð upp í sumarfríi sínu á hinu fyrsta skólaári.
- 3) Að hann sje ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða öðrum líkamskvilla, sem gæti orðið honum til tálmunar við starf hans eða skaðlegur hinum nemendum.

3. gr.

Beiðni um inngöngu í Vjelstjóraskólann sendist forstöðumanni skólans. Það skal vera eiginhandar umsóknarskjal stílað til stjórnarráðsins. Inntökubeiðninni skulu fylgja vottorð um þau skilyrði, sem talin eru í 2. gr.

Forstöðumaður sendir stjórnarráðinu inntökubeiðnirnar og skýrir jafnframt stjórnarráðinu frá því, hvort áskilin vottorð umsækjenda sjeu til hans komin í lagi.

4. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

5. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

- 1) Jólaleyfi, er nær frá 23. degi desember til 2. dags janúarmánaðar að báðum dögum meðtöldum. Beri 2. janúar upp á sunnudag skal kenslan byrja næsta þriðjudag á eftir.

- 117**
1. sept. um að báðum þessum dögum meðtöldum.
- 2) Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag og til þriðja í pásk-
 - 3) Sumardagurinn fyrsti.
 - 4) Sumarleyfi er frá afloknu burtfararprófi til 30. september.
 - 5) Mánaðarleyfi; í þeim mánuðum, er enginn af ofangreindum leyfisdög-
um er í, getur skólastjóri veitt eins dags leyfi.

6. gr.

Reglusemi:

- 1) Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kenslustundir byrja.
- 2) Geti lærisveinn eigi sótt kenslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni skólans það.
Geti lærisveinninn ekki vegna veikinda sótt kenslustundir í 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.
- 3) Í frímínútunum má enginn hávaði eiga sjer stað í kenslustofunum.
- 4) Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alstaðar í skólanum.
- 5) Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
- 6) Lærisveinar mega ekki fara út í kenslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
- 7) Skifti lærisveinn um bústað, ber honum að tilkynna forstöðumanni skólans það.

7. gr.

Í skólanum eru tvær deildir, yngri og eldri deild. Í yngri deildinni skulu kenslustundirnar vera 30 á viku: 8 í vjelfræði, 3 í teikningu, 6 í stærðfræði, 6 í eðlisfræði, 3 í íslensku, 2 í ensku og 2 í dönsku.

Þrjá til fjóra fyrstu mánuðina verður í stað eðlisfræðinnar kend stærðfræði.

Í eldri deildinni skulu kenslustundirnar vera 36 á viku: 10 í vjelfræði, 3 í teikningu, 6 í stærðfræði, 6 í eðlisfræði, 5 í íslensku, 3 í ensku og 3 í dönsku.

Á milli hverra tveggja samliggjandi kenslustunda skal vera 10 mínútna hlje.

Morgunverður skal haldinn frá kl. 10,40 til kl. 11,20.

8. gr.

Forstöðumaður skólans skal hafa á hendi alla umsjón með honum, annast útvegum á öllu því, er skólinn þarfnast. Hann skal og ráða stundakennara, skipa fyrir um fyrirkomulag kenslunnar og semja stundatöflu, er stjórnarráðið samþykkir fyrir hvert skólaár.

9. gr.

117
1. sept.

Öll nauðsynleg áhöld, sem nota þarf við kenningu í skólanum, leggur skólinn til, en sjálfir skulu lærisveinar kosta bækur þær og áhöld, sem þeir þurfa við námið.

10. gr.

Forstöðumaður skal rita í bók, sem til þess verður útveguð, nöfn, fæðingarstað, -dag og -ár þeirra lærisveina, sem koma í skólann. Í bókinni skal og geta þeirra, sem próf taka, og prófeinkunna þeirra; ennfremur skal og geta þess, hvenær þeir fara úr skólanum, er fara kynnu úr honum af einhverjum ástæðum án þess að lúka burtfararprófi. Bók þessi skal ávalt geymd í Vjelstjóraskólanum.

11. gr.

Að afloknu burtfararprófi skal forstöðumaður senda stjórnarráðinu greinilega skýrslu um kenningu og prófið, ennfremur leggja fram reikninga með fylgiskjölum.

II.

Um prófið.

12. gr.

Vjelstjórprófið skal haldið í Vjelstjóraskólanum í Reykjavík síðari hluta aprilmánaðar hvert ár.

13. gr.

Sá, sem óskar að ganga undir prófið, skal afhenda forstöðumanni Vjelstjóraskólans eiginhandar umsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins, þess efnis, að honum verði leyft að ganga undir prófið. Umsóknarskjalinu skulu fylgja neðangreind vottorð:

1) Um það, að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár eftir 14 ára aldur í smíðju eða vjelaverkstæði, er stjórnarráðið tekur gild, þaraf í minst 1 ár smíðar á vjelahlutum.

2) Vottorð frá meistara eða meisturum, sem hann hefir unnið hjá, um kunnáttu hans, dugnað og reglusemi.

3) Hafi þetta járnsmíðanám verið stundað á vjelaverkstæðum erlendis að nokkru eða öllu leyti, verður vottorðið að vera staðfest af rjettum yfirvöldum.

4) Hafi umsækjandinn yfir- eða undirvjelstjóraskírteini hefir hann rjett til að ganga undir vjelstjórpróf, þótt hann fullnægi ekki þessum skilyrðum. Sje umsóknin frá lærisveini skólans, skal hún send forstöðumanni 3 vikum áður en

117 prófið byrjar. Sje umsækjandi eigi lærisveinn skólans, þá skal hún send 2 vik-
1. sept. um fyrir prófið.

Auk áðurnefndra vottorða skulu fylgja beiðninni skirnarvottorð og vottorð frá þeim manni eða mönnum, sem hafa búið hann undir prófið.

Hafi umsækjandi áður gengið undir vjelstjórpróf, skal þess getið í umsókninni.

14. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í prófstofunum og hafa með sjer öll nauðsynleg teikniáhöld, skriffæri, mælistiku og logaritmatöflu. Hver prófsveinn fær teiknibretti við próf í teikningu. Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins sitt tölunúmer, sem hann hefir meðan prófið stendur yfir.

15. gr.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt. Það skal haldið opinberlega af prófnefnd. Eru í henni forstöðumaður skólans og 2 menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti. Að minsta kosti annar prófdómenda verður að hafa leyst af hendi próf, er jafngildi hinu fullkomna danska vjelstjórprófi.

Til að dæma um kunnáttu í tungumálum, getur stjórnarráðið, ef þörf þykir, skipað aðra prófdómendur.

Einn af ofangreindum mönnum, þó ekki forstöðumann skólans, skipar stjórnarráðið sem oddvita prófnefndar.

16. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur tiltaða prófverkefnin.

Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmir um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómendum.

17. gr.

Hin skriflegu verkefni skulu lögð fram til athugunar á prófnefndarfundi fyrir prófið. Sama verkefni fá allir þeir prófsveinar, sem á sama degi eru í sama úrlausnartíma.

Hvert verkefni, að undanskilinni teikningu og stílum, skal innihalda tvö eða fleiri minni dæmi í sömu fræðigreun.

Á verkefnisseðlunum sje tekið fram, hve langur tími sje veittur til að svara. Verkefnin skulu undirrituð af prófnefndinni.

Efst á uppkasts- og hreinskriftarpappír þeim, sem brúkaður er við skriflegu verkefnin, skrifar prófsveinn nafn sitt og tölunúmer, einnig númer verkefnisins.

Að eins þann pappír, sem stimplaður er með stimpli vjelstjóraskólans, **117**
 má nota. 1. sept.

Hinar hreinskrifuðu úrlausnir verða að vera skýrt skrifadar og undirskrifadar af prófsveini áður en hann afhendir þær, en eftirlitsmaðurinn ritar á þær, hvenær afhendingin fór fram.

Úrlausn verkefnisins verður dæmd eftir hinu hreinskrifaða skjali; á það verður að skrifa allan útreikning til skýringar á verkefninu.

Þær teikningar, sem heimtaðar verða, skulu vandlega gerðar, og ef þörf þykir, skal þeim fylgja stutt lýsing.

Án sjerstaks leyfis mega prófsveinar ekki hafa kenslubækur eða önnur slík hjálpartæki með sjer inn í prófstofuna.

18. gr.

Munnlegu spurningarnar skulu tiltekna af hinum skipuðu prófdómendum í samráði við hlutaðeigandi kennara, og skrifadar á seðla tveimur fleiri en prófsveinar eru.

Hver prófsveinn dregur sínar spurningar eftir röð.

19. gr.

Nú þykir prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, og getur hann þá snúið sjer til eftirlitsmanna.

Áliti prófsveinn, að fyrir hann sje lagt verkefni, sem eigi má krefjast til prófsins, þá skal hann því viðvikjandi snúa sjer til þess manns, er prófar, eða til einhvers úr prófnefndinni.

20. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tiltekinni stundu, er auglýst verður á próftöflu, er fest sje upp í prófstofunni.

Mæti prófsveinn ekki á rjettum tíma eða án leyfis fari úr þeim stað, er honum var tilvísaður, má vísa honum burt frá prófinu.

Í prófstofunni mega prófsveinar ekki tala saman.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp eða hjálpi öðrum, skal honum vísað frá prófi, og skal þá svo álitid, sem hann hafi eigi staðist prófid.

Gangi prófsveinn frá prófi og kenni sjúkleik um, en sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, þá ber að líta svo á, sem hann hafi eigi gengid undir prófid, og má þá prófa hann aftur síðar í prófinu jafnskjótt og því verður við komid, og eru þá fyrri svör hans við verkefninu fullgild.

Geti hann þar á móti ekki sannað, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir brottveru sinni frá prófinu, skal álitid sem hann hafi eigi staðist prófid.

117

1. sept.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndarinnar, að prófsveinn hafi hegðað sjer ósæmilega við prófið, getur oddviti rekið hann frá því.

22. gr.

Við skriflega prófið mega engar teikningar, myndamót eða önnur kenslu-áhöld vera í prófstofunni, og að eins prófdómendur eða þeir eftirlitsmenn, sem aðstoða þá, mega ganga um eða vera í prófstofunum í úrlausnarstundunum.

Að lokinni úrlausn skriflegra og munnlegra verkefna, mega prófsveinar eigi vera inni í prófstofunni.

Verði eitthvað af tækjum skólans eða eiganda prófstofunnar fyrir skemdu af völdum prófsveins, ber honum að greiða fullar skaðabætur fyrir eftir mati oddvita prófnefndar.

23. gr.

Við prófið skulu gefnar alls 17 einkunnir, sbr. 24. gr., sem sje:

Í gufuvjelafræði	6	eink.	fyrir	3	skriflegar	og	3	munnlegar	úrlausnir.
Í stærðfræði	3	—	—	2	—	—	1	—	—
Í eðlisfræði	2	—	—	1	—	—	1	—	—
Í íslensku	2	—	—	1	—	—	1	—	—
Í mótörfræði	1	—	—	1	munnlega úrlausn.				
Í dönsku	1	—	—	1	—	—	—	—	—
Í ensku	1	—	—	1	—	—	—	—	—
Í teikningu	1	—	—	1	vjelteikningu.				

24. gr.

Úrslit prófsins ákvarðast þannig:

Fyrir svör á hverri spurningu skal gefa einhverja af einkunnum þeim, er hjer skulu taldar, og jafngilda þær tölum þeim, er hjá þeim standa:

ágætlega	=	7
ágætlega	÷	= 6
dável	=	5
dável	÷	= 4
vel	=	3
vel	÷	= 2
laklega	=	1
laklega	÷	= 0
illa	=	÷ 1
illa	÷	= ÷ 3
afarilla	÷	= ÷ 5

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu **117** í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu 1. sept. af tölugildum einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sje þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugildna, skal gefin sú einkunn sem er næst fyrir ofan.

Til að standast prófið þarf:

- a) Í íslensku: meðaleinkunnina 1,5.
- b) Í hjálpargreinum: íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði og eðlisfræði, til samans meðaleinkunnina 2.
- c) Í vjelfræðinni: vjelfræði, mótórfæði og vjelteikningu, til samans meðaleinkunnina 2.
- d) Í samanlögðum öllum prófgreinum meðaleinkunnina 3.

25. gr.

Hver prófsveinn, er staðist hefir prófið, fær að því afloknu vottorð, samið á íslensku, dönsku, ensku og þýsku.












Vottorðið skal sniðið eftir þessari fyrirmynd:

117 Nr.
1. sept.

Prófskírteini

N. N.
fæddur

hefir staðist hið islenska vjelstjórpróf og hlotið þær einkunnir er hjer segir:

Aukagreinar	{	Íslenska	2 eink.		
		Danska	1 —		
		Enska	1 —		
		Stærðfræði	3 —		
		Eðlisfræði	2 —		
Vjelfræðin	{	Vjelfræði	6 —		
		Mótorfræði	1 —		
		Vjelteikning	1 —		
Aðaleinkunn 17 eink.					

Reykjavík,

19

N. N.

N. N.

N. N.

Til að stand- ast prófið þarf	{	i íslensku	minst 3	Hæsta einkunn	{	i íslensku	14
		i aukagreinum	— 18			i aukagreinum	63
		i vjelfræði	— 16			i vjelfræðinni	56
		i aðaleinkunn	— 51			hæsta aðaleinkunn	119

(Á prófskírteinið skal prentuð þýðing af því á dönsku, ensku og þýsku).

III.

117

1, sept.

26. gr.

Tveir listar yfir hinar gefnu einkunnir við prófið skulu skrifaðir af prófnefndinni, aðallistinn skal undirskrifaður af prófnefndinni að afloknu prófi; afritið skal, eftir að prófdómendur hafa komið sjer saman um einkunnirnar, fest upp á einhverjum þeim stað, er prófsveinar geta sjeð einkunnir sínar.

Að afloknu prófi skrifa prófdómendur hinar gefnu einkunnir, er hver prófsveinn hefir hlotið, í þartil gerða prófbók, er geymd skal í stjórnarráðinu, en Vjelstjóraskólinn fær afrit af henni, er geymt skal í skólanum.

Í þessa prófbók skal skrifa nöfn prófsveina, fæðingar- stað -dag og -ár, einnig hin skriflegu verkefni.

Prófbókin skal undirrituð af prófnefndinni.

27. gr.

Til vjelstjóraprófs þarf:

1) Í íslensku: að geta gert íslenskan stíl, um eitthvað það efni, sem álitíð er að prófsveini sje kunnugt, skýrt og nokkurn veginn rjett skrifaðan.

Prófa skal hann í upplestri með því að láta hann endursegja það, sem hann hefir lesið, til þess að vita, hvort hann hefir skilið það.

Hann verður að þekkja það helsta í orðmyndunar- og setningafræði.

2) Í dönsku: að þekkja helstu orðtæki málsins, einnig að geta lesið og skilið ljettan kafla í áður lesinni danskri bók verkfræðilegs efnis, og einnig í almennri danskri bók.

3) Í ensku: að þekkja helstu setningar og orðtæki málsins, einnig að geta lesið og skilið ljettan kafla í áður lesinni enskri bók verkfræðilegs efnis.

4) Í stærðfræði: að kunna fjórar megingreindir reiknings með heilum stærðum, almennum brotum, og tugabrotum jafnt með bókstöfum sem tölum, hlutfallslíkingar og aðrar fyrstu stíglíkingar, veldi, rót og lógaritma.

Í flatarmálsfræði þarf hann að kunna kaflana um afstöðu beinna lína sín á milli, um hringa og punkta, línur og horn, sem þeim fylgja, um hliðar og horn þríhyrnina, um aljafna og eins lagaða þríhyrninga um rjetthyrnda þríhyrninga, samhliða marghyrninga og einfalda uppdrætti mælingarfræðinnar, um mælikvarða, hornmæli og reikning flatarstærða.

6) Í rúmmálsfræði þarf hann að kunna kaflana um afstöðu beinna lína og flata, flata sín á milli, jafnstrending, sívalning, toppstrending, keilu, kúlu, um línur þær er beinir þverskurðir mynda við yfirborð þessara hluta, og um yfirborð og rúmtak þessara hluta.

Af framantöldum stærðfræðisgreinum er þess eins krafist, sem nauðsynlegt er til undirbúnings vjelfræðinni, og því ekki heimtaðar sannanir nema fyrir meginreglum þessara stærðfræðisgreina.

117 7) Í eðlisfræði: Þekking á hinum almennu eðlisfræðislegu eiginleikum hluta, hinu almenna lögmáli fyrir föstum, fljótandi og loftkendum efnum, jafnvægi og hreyfing hluta, samtenging og sundurliðun krafta, núningsrótstöðu, einföldum vjelum, svo sem vogarstöng, skrófu, fleyg o fl., eðlisþyngd, saltmælum, þrýstimælum, dælum, útpenslu hluta við hita, hitamælum, hitaafli (Varmefylde), dreifingu hitans, bræðslu, uppgufun, suðu, eiginleikum gufunnar, hita og vinnu, einnig svo mikla þekkingu til rafmagns og tegulmagns, er nauðsynlegt er til að skilja gang ljósvjela (Dynamo).

8) Í vjelfræði: Þekking á bygging, samsetning og meðferð gufuvjela og mótorá, í skipum og bátum, brenslu, eldsneyti, aflmælislinum (Indikatordiagrammer) og notkun þeirra, hestaflí, kolaeyðslu, smyrsla- og þjettiáhöldum o. fl.

Aðaleiginleika og styrkleika málma, helstu hlutum skipsins og skifting þess í vatnsþjett hólf, tæmiáhöldum og slökkvitólum, hjálparvjelum (stýri- og ljósvjelum o. fl.), ryði og vörnun gegn því, þekking á lagaákvæðum um gufuskip.

9) Að geta búið til teikningu af ekki mjög samsettum vjelahlut, svo hægt sje að smíða eftir henni.

IV.

28. gr.

Skólastjóri ákveður eftir að hafa leitað tillagna hinna annara kennara hvaða bækur skuli notaðar við kensluna.

Í stjórnarráði Íslands, 1. septbr. 1916.

Einar Arnórsson.

G. Sveinbjörnsson.